

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 24. ÁRG. 2018



SAMTAL UM
SIÐMENNINGU

8-13

HRÖÐ ENDURNÝJUN
LÖGMANNASTÉTTAR

14-16

RAFRÆNT
RÉTTARKERFI

24-28



- | | | |
|---|---|---|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Leiðari</p> <p>6 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Góðir lögmannshættir</p> <p>8 Eyrún Ingadóttir
Samtal um siðmenningu í kjölfar #metoo byltingar</p> <p>14 Ingimar Ingason
Hröð endurnýjun lögmannastéttar</p> | <p>17 Mannabreytingar á skrifstofu LMFÍ</p> <p>18 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Á ríkið að beita öllum brögðum gegn borgurum sínum?</p> <p>20 SIGURÐUR ÁGÚSTSSON
Úrskurður úrskurðarnefndar lögmannna nr. 37/2017</p> <p>22 VÍÐIR SMÁRI PETERSEN
Segjast hafa lyft grettistaki</p> | <p>24 Eyrún Ingadóttir
Rafrænt réttarkerfi handan við hornið</p> <p>29 Golfmót í uppstyttu og sól</p> |
|---|---|---|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Eva Halldórsdóttir lögmaður.
netfang: eva@laekjargata.is

Ritnefnd
Björgvin Halldór Björnsson lögmaður
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður
Víðir Smári Petersen lögmaður

Blaðamenn
Marín Guðrún Hrafnisdóttir
Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Heiðrún Jónsdóttir lögmaður
Ástráður Haraldsson
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður
Stefán Andrew Svensson lögmaður

Varastjórn LMFÍ
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Birna Hlín Káradóttir lögmaður
Viðar Lúðvíksson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Marín Guðrún Hrafnisdóttir starfsm. félagsdeildar
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
Ljósmyndari: Ingimar Ingason

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Öflun ehf
Sími 530 0800



ERU GÖGNIN ÞÍN Í ÖRUGGUM HÖNDUM ?

Umslag er eina prentþjónustan á landinu sem er
öryggis- og upplýsinga vottuð samkv. ISO-27001.



LÁGMÚLI 5
SÍMI 533 5252
WWW.UMSLAG.IS



IS 594468



RAFRÆNT RÉTTARKERFI

EVA HALLDÓRSDÓTTIR LÖGMAÐUR
RITSTJÓRI



Í pistli formanns í síðasta Lögmannablaði, 2.tbl. 2018, skrifaði Berglind Svavarsdóttir að það hafi valdið henni vonbrigðum að réttarkerfið hafi ekki verið tæknivætt meira í kjölfar stofnun Landsréttar, til að mynda með því að teknar væru upp rafrænar lausnir í tengslum við framkvæmd á fyrirtökum og framlagningu málgagna. Þetta sjónarmið hefur heyrst víðar undanfarið og hagsmunaaðilar margir hverjir gert athugasemdir við að þetta góða tækifæri hafi ekki verið nýtt betur. Aðrir hafa efasemdir um ágæti þessarar þróunar og hafa áhyggjur af henni; hugsanlegum gagnaleikum og varanleika gagna á internetinu, og ekki síður því að hún dragi úr samskiptum milli manna augliti til auglitis.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr virðist hins vegar blasa við að þróun réttarkerfisins er á fleygiferð í þessa átt og óumflýjanlegt er að innan skamms verði rafrænt réttarkerfi í einhverri mynd að veruleika. Þannig er til að mynda hægt að sjá fyrir sér einfaldar, rafrænar lausnir í tengslum við fyrirtökur og gagnaframlagningu, eins og formaðurinn nefndi í framangreindum pistli sínum, flutning skjala á milli dómstiga og svo framvegis. Þetta myndi gjörbylta vinnuáðstæðum þeirra sem koma að störfum dómstóla, jafnt lögmannna sem dómara, og væntanlega draga umtalsvert úr því pappírsmáli sem flæðir yfir dómstólana á hverjum degi. Breyting á borð við þessa yrði líklega álíka byltingarkennd og sú sem gerð var á skattkerfinu á sínum tíma þegar framtalsskil voru færð á netið og almenningur þurfti ekki að standa í röð til að skila skýrslunum á pappír.

Þetta er allt afskaplega áhugavert. Það er ekki minna áhugavert að vita til þess að stétt lögmannna á fulltrúa í flokki frumkvöðla sem hug hafa á því að taka þátt í þessari

uppbyggingu á rafrænu réttarkerfi hér á landi, og stefna jafnvel á erlenda markaði.


Í þessu þriðja tölublaði Lögmannablaðsins er að finna viðtöl við unga lögmennt sem tilheyra þessum hópi. Annars vegar er um að ræða Margréti Önnu Einarsdóttur lögmann sem hefur stofnað hugbúnaðarfyrirtækið Justikal. Fyrirtækið hennar rafrænt réttarkerfi og hefur meðal annars hlotið styrk frá Tækniþróunarsjóði til þess að þróa síðustu verkþættina að tilbúinni lausn. Hins vegar er í blaðinu að finna viðtal við eigendur Fons Juris, þá Einar Baldvin Sigurbergsson lögmann og Sævar Guðmundsson lögfræðing. Vefsíða Fons Juris er flestum lögmonnum að góðu kunn og má segja að tilkoma hennar hafi bætt vinnuumhverfi lögmannna umtalsvert. Þeir félagar eru hvergi nærri hættil og hafa fullan hug á því að taka þátt í þeirri byltingu sem sjá má fyrir sér að verði í þessum málum á næstunni.

Það verður, án nokkurs vafa, áhugavert fyrir lögmennt að fylgjast með þróuninni næstu misserin. Lögmennt mega þó ekki gleyma því að þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framþróun og smíði rafræns réttarkerfis. Það er því ekki úr vegi að enda þennan pistil á því að hvetja lögmennt til virkrar þátttöku í tæknivæðingunni og skapa sér þannig svigrúm til þess að hafa áhrif á framhaldið fremur en sitja á hliðarlínunni og taka því sem verða vill.



Örugg eyðing gagna

Vottað ferli



Við vinnum eftir
vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 7
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

GÓÐIR LÖGMANNSHÆTTIR

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður lést hinn 3. september s.l. Sveinn fæddist hinn 21. maí árið 1925 og var því 93 ára er hann lést. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 1966-1968 og gegndi embætti formanns félagsins 1986 til 1988. Sveinn naut ávallt mikillar virðingar innan félagsins og var kjörinn heiðursfélagi Lögmannafélags Íslands hinn 11. desember 1996. Þá var hann góð fyrirmynd annarra lögmanna, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem og í góðum lögmannsháttum. Sveinn tók virkan þátt í starfsemi félagsins og fylgdist ákaflega vel með öllum málefnum þess, jafnvel löngu eftir að hann hætti að starfa sem lögmaður. Hann lét af lögmannsstörfum árið 2002 eftir langan og glæsilegan starfsferil. Félagið þakkar Sveini samfylgdina í gegnum árin og sendir sínar innilegustu samúðarkveðjur til eiginkonu, barna og barnabarna. Blessuð sé minning Sveins Snorrasonar.

Síðareglur Lögmannafélags Íslands fela í sér skilgreiningu á því hvaða kostum lögmaður þurfi að vera búinn og hvað teljist góðir lögmannshættir. Lögmanni ber að efla rétt og hrinda órétti, að leggja svo til allra mála sem hann veit sannast að lögum og sannfæringu sinni, að gæta heiðurs lögmannastéttarinnar, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem öðrum athöfnum og loks að vera óháður í starfi og standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Þá er sérstaklega tekið fram að lögmenn skuli sýna hver öðrum, dómstólum og gagnaðilum skjólstæðinga sinna fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Lögmönnum líðst þannig ekki hvaða framkoma sem er og breytir tjáningarfrelsi þeirra engu þar um.

Það hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting í þjóðfélaginu hvað teljist til tilhlýðilegrar háttsemi og óásættanlegrar

framkomu manna á milli m.a. vegna #Metoo umræðunnar en í öllu falli er ljóst að óviðeigandi hegðun er ekki lengur liðin. Ekki heldur innan LMFÍ. Lögmönnum ber að gæta heiðurs lögmannastéttarinnar, jafnt í lögmannsstörfum sem öðrum athöfnum og telji einhver á sér brotið með óviðeigandi hegðun lögmanns þarf að vera unnt að beina hugsanlegum kvörtunarmálum í tiltekinn farveg. Á vinnustöðum ættu að vera til stefnur og verkferlar um „EKKO“ (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin mismunun og ofbeldi) þannig að skýrt sé hvernig tekið er á þeim málum sem upp kunna að koma. Innan félagsins er verið að skoða hvernig félagið geti komið að slíkum málum og er þess að vænta að tillögur þar að lútandi liggi fyrir innan skamms.

Tilgangur Lögmannafélagsins er meðal annars sá að stuðla að samheldni og góðri samvinnu lögmanna. Að öðrum ólöstuðum þá er ein manneskja, sem öðrum fremur hefur lagt sitt af mörkum til þess en það er hún Eyrún okkar, sem hefur nú látið af störfum. Eyrún hefur starfað hjá félaginu í 16 ár og hefur sannarlega séð til þess að félagslegum og öðrum þörfum félagsmanna hafi verið sinnt þ.á.m. með ýmis konar námskeiðahaldi, námsferðum og málþingum. Þeir eru ófáir sem hafa leitað til Eyrúnar í gegnum tíðina og ekki gengið bónleiðir til búðar. Félagið þakkar henni einstaklega góð störf í þágu félagsins undanfarin ár og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Við starfi Eyrúnar tekur nýr starfsmaður, Marín Hrafnadóttir, og hefur hún þegar hafið störf. Fyrir hönd félagsins býð ég hana velkomna til starfa og vænti góðs samstarfs við hana á komandi árum.



1 SYSTEMS
One

1 SYSTEMS
OneRecords
Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Lex lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn, Patice lögmenn



1 SYSTEMS OneDrag'nDrop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifnu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna. Vottað af KPMG.



Hægt að fá IPAD lesaðgang.
(spjaldröðvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

1 SYSTEMS
One

SAMTAL UM SIÐMENNINGU Í
KJÖLFAR #METOO BYLTINGAR:

ER HÆGT AÐ KOMA Á HUGARFARS- BREYTINGU UM HEGÐUN?

Í lok maí héldu LMFÍ, Lí og DÍ sameiginlegan hádegisverðarfund undir yfirskriftinni: Samtal um siðmenningu - #metoo byltingin og lögfræðingastéttin. Þessi stórmerkilega bylting hefur afhjúpað hegðun og framferði innan fjölmargra stétta, þar á meðal lögfræðinga, sem hefur legið í þagnarhjúpi og þannig verið samþykkt og viðurkennd.

Á fundinum héldu þau Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari og dr. Salvör Nordal heimspekingur, umboðsmaður barna, erindi um annars vegar hin skráðu lög og hins vegar um óskráðar reglur samfélagsins. Að því loknu ræddu formenn félaganna þriggja um hver næstu skref ættu að vera og hvaða aðgerða væri þörf auk þess sem fundargestir komu með innlegg.



Kjartan Bjarni Björgvinsson og Salvör Nordal héldu erindi og hlýddu með athygli á umræður um hver næstu skref ættu að vera.

Konur í réttarvörslukerfinu rjúfa þögnina

Kolbrún Garðarsdóttir lögmaður, formaður Félags kvenna í lögmennsku, var fundarstjóri og sagði fundinn vera haldinn til að velja því upp hvaða lærdóm við gætum dregið af #metoo byltingunni. Kolbrún setti af stað lokaðan hóp á Facebook í haust þar sem konur í réttarvörslukerfinu deildu sögum sínum og í kjölfarið skrifuðu 156 konur undir yfirlýsingu undir yfirskriftinni „þögnin rofin“ með 45 sláandi reynslusögum. Kolbrún sagði að tilgangur þessa hefði verið að koma sögunum á yfirborðið og opna umræðuna um þessa meinsemd og óásættanlegu hegðun sem kynbundið ofbeldi væri: „Í dag ætlum við að ræða hvort félögin okkar geti gert eitthvað til að koma í veg fyrir brot á skráðum og óskráðum meginreglum um mannleg samskipti og hver séu næstu skref,“ sagði hún.



Alvarlegar afleiðingar kynferðislegrar áreitni

Kjartan Bjarni Björgvinsson sagði að lagareglur um kynferðislegt áreitni hafi orðið til í kjölfar rannsóknna sem gerðar voru í Bandaríkjunum og innan ESB á níunda áratug síðustu aldar: „Þar kom m.a. fram að 42% kvenna töldu sig hafa sætt kynferðislegri áreitni á tveggja ára tímabili og 15% karla og það þrátt fyrir að á þessum tíma hafi lagalegar skilgreiningar á kynferðislegri áreitni verið talsvert þrengri



en í dag. Sömu rannsóknir sýna skýr tengsl á milli stöðu þolenda og líkinda á að verða fyrir kynferðislegri áreitni en yngri konur með meiri menntun virðast almennt vera í meiri hættu. Gerandinn er oftast yfirmaður, karl í 80% tilfella, og heilsufarslegar afleiðingar þolenda eru oft mjög alvarlegar; kvíði og þunglyndi sem leiðir til langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði og stundum til örorku.“

Þrjú svið réttarverndar

Kjartan Bjarni sagði að skipta mætti íslenskum réttarreglum um kynferðislega áreitni upp í þrjú meginþætti.

Í fyrsta lagi er það skilgreining á kynferðislegri áreitni samkvæmt 199. gr. almennra hegningarlaga en í dómasafni Hæstaréttar koma að mestu leyti upp slík mál þegar leitað er eftir dómum um kynferðislega áreitni. Áreitnin sem teljast refsiverð samkvæmt ákvæðinu felist einkum í snertingum en ákvæðið taki einnig til táknrænnar hegðunar eða orðbragðs sem sé mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.

Í öðru lagi eru það jafnréttislögin. Í 2. gr. laga nr. 10/2008 komi fram öllu víðtækari skilgreining sem snýr ekki endilega að því að háttsemin valdi ótta heldur er einkum miðað við að hún sé í óþökk þess sem fyrir því verður og hafi þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi. Þetta ákvæði er að stofni til komið úr EES rétti og í túlkun á því er miðað við að mörkin á hvað sé kynferðisleg áreitni séu mjög einstaklingsbundin. Það fari að miklu leyti eftir því hvað hver og einn samþykkir hvað sé kynferðisleg áreitni en við mat á því kunni einnig að skipta máli í hvaða stöðu þolandinn er gagnvart þeim sem beitir áreitni. Þetta hafi ekki alltaf verið svona í íslenskum lögum en fram til ársins 2014 var sérstakur fyrirvari í ákvæðinu um að til þess að háttsemi væri skilgreind kynferðisleg áreitni þá yrði henni að vera haldið áfram þrátt fyrir að gefið væri skýrt í skyn að henni væri hafnað. Sönnunarbyrðin var þannig lögð á þolanda og það fyrsta sem lögmaður þurfti að gera ef hann fékk til sín þolanda kynferðislegrar áreitni var að spyrja: Gafstu einhvern tímann skýrt í skyn að þér væri misboðið og hversu skýrt gerðir þú það? Þrátt fyrir að við höfum sem þjóð stært okkur af því að vera framarlega í jafnréttismálum, sem við getum vissulega sagt með nokkrum rétti, þá var þessu ákvæði ekki breytt fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu fyrir brot á innleiðingu tilskipunar um jafnrétti vegna þess að íslensk lög samræmdust ekki lágmarksskilgreiningu EES réttarins um hvað væri kynferðisleg áreitni. Það var einkum tvennt sem gerðar voru athugasemdir við; annars vegar þessi fyr-

irvari um að gefa skýrt í skyn að áreitnin væri óvelkomin og hins vegar að eitt tilvik þyrfti að vera mjög alvarlegt til að það væri kynferðisleg áreitni.

Í þriðja lagi erum við með kynbundna áreitni sem er áreitni sem beinist gegn manneskju vegna kynferðis, en er þó ekki kynferðisleg: Besta dæmið sem ég hef heyrt var þegar fyrstu konurnar settust á Alþingi Íslendinga, þær Ingibjörg H. Bjarnason og Guðrún Lárusdóttir. Þær voru duglegar og lögðu fram mörg mál, héldu margar ræður um samfélagsleg málefni sem höfðu ekki mikið verið rædd á Alþingi fram að þessu; fátækrahjálp, félagsleg mál og fleiri. Þegar maður skoðar Alþingistíðindi á þessum tíma er það sláandi að það tók aldrei neinn annar þingmaður til máls þegar þær kvöddu sér hljóðs. Þetta er það sem reynt er að fanga með hugtakinu kynbundið áreitni eða ofbeldi. Andlegt ofbeldi sem beinist að manneskju á grundvelli kynferðis.“

Frásagnir um ómenningu, hroka og virðingarleysi

Salvör Nordal sagði að frásagnirnar sem koma fram í #metoo byltingunni afhjúpuðu samskipti og ómenningu sem konur hafa látið yfir sig ganga alltof lengi: „Af öllum þessum dæmum höfum við áttað okkur á því hvernig þetta er í raun. Það er ekki fyrr en við fáum persónulegar frásagnir sem slagkrafturinn kemur í umræðuna. Oft þegar við erum að tala um lagalegt jafnrétti þá erum við að tala um formlegar reglur en við höfum í kynjaumræðunni ekki náð að tala um persónuleg samskipti, hvernig við komum fram við hvort annað í daglegum störfum. Þessar samhljóma frásagnir eru mikil afhjúpun, hvar sem borið hefur verið niður. Það sem er sorglegast er hvað konur hafa reynt að aðlagast þessum veruleika í langan tíma. Margar konur þekkja vel að hafa bara einhvern veginn bitið á jaxlinn og reynt að láta þetta hafa ekki of mikil áhrif á sig.“



Innbyggð og ómeðvituð framkoma

Salvör rifjaði upp fyrirlestur um kynja- og kynþáttamisrétti sem hún hlustaði á fyrir mörgum árum frá próffessor í Harvard: „Þessi próffessor ættleiddi tvö þeldökk börn, hvít miðaldra kona alin upp í Suðurríkjunum við það að horfast aldrei í augu við dökka karla, og það varð henni svo mikil afhjúpun hvernig framkoma hennar við blökkufólk hafði verið ómeðvituð, framkoma sem henni hafði verið kennd frá blautu barnsbeini. Svo var hún með börnin sín í fanginu og sá viðbrögðin hjá öðru fólki; augnatillit og



Umræðan snertir öll svið samfélagsins og fundarmenn komu úr öllum geirum lögfræðinnar.

hegðun þótt engin orð fylgdu. Partur af þessari #metoo hreyfingu er að afhjúpa þessa innbyggðu þætti en slík mismunun og fordómar eiga sér djúpar rætur og snýst um persónulegu samskiptum, daglegt samneyti. Ég held að #metoo byltingin þurfi að vekja okkur til umhugsunar um hvernig við komum fram hvert við annað. Ekki bara hvað við segjum heldur einnig hvernig við hreyfum okkur í rýminu og hvaða rými gefum við öðru fólki.“

Þar sem lögunum sleppir

Salvör velti fyrir sér hvernig við getum tekið þessa umræðu áfram: „#metoo byltingin snýr að starfsumhverfi karla og kvenna og það er óbærilegt að geta ekki verið á sínum forsendum í starfi. Þessi umræða snýst um að vera metin að verðleikum í því sem maður er að gera. Að kyngervi sé ekki partur af því að vera á vinnumarkaðinum. Í þessu samhengi er mikilvægt að greina vald og valdleysi. Við verðum einnig að ávarpa það hvernig þessi afstaða kemur fram á öðrum sviðum í samfélaginu, til dæmis í stöfum lögfræðinga, hvernig hún birtist í starfinu sjálfu og hvort það sé hægt að sjá því stað í því hvernig fólk beitir lögum og rétti. Við þurfum að velta fyrir okkur hvernig við eigum að taka þetta áfram, þar sem lögunum sleppir. Er mögulegt að siðareglur eða samskiptareglur geti komið þar inn og aðstoðað? Ég held að fagstéttir leiki þarna lykilllutverk. Hver fagstétt fyrir sig verður að leiða umræðu innan síns hóps og vera óhrædd við það að ræða þessi mál. Þar verðum við öll að koma að og eins þurfum við að meta það hvort að sértækar aðgerðir séu nauðsynlegar. Við þekkjum til þeirra varðandi stöðu kvenna í stjórnun fyrirtækja sem hefur haft heilmikil áhrif.“

Uppræta þarf ofbeldismenninguna

Að loknum erindum Kjartans Bjarna og Salvarar var formönnum félaganna þriggja, sem stóðu fyrir fundinum, gefið orðið.

Berglind Svavarsdóttir formaður

LMFÍ sagði að #metoo byltingin hefði dregið fram þá staðreynd að konur yrðu fyrir kynbundnu ofbeldi, áreiti eða niðurlægingu í öllum stéttum þjóðfélagsins. „Þetta felur í sér ákall um að við bregðumst við með einhverjum hætti og reynum að uppræta þessa ofbeldismenningu sem hefur viðgengist of lengi og það er komin tími til að gera eitthvað meira en að tala.“



Berglind sagði að það yrði að auka fræðslu innan lögfræðingasamfélagsins, í laganáminu og á hdl. námskeiðinu: „Þá gæti félagið hvatt vinnustaði til að taka á þessum málum með því að setja sér stefnu og verkferla.“ Berglind sagði erfiðara að taka á málum á litlum lögmannsstofum en stórum: „Við þurfum að skoða möguleika á því opna leiðir fyrir kvartanir, til sálfræðings úti í bæ, sem hægt væri að beina málum til sem kæmu upp.“

Jafnréttismál eru gæðamál

Ingibjörg Þorsteinsdóttir formaður

Dómarafélags Íslands sagði engum blöðum um það að fletta að andrúmsloftið í stétt lögfræðinga hafi verið konum á ýmsa lund mót-drægt. Aðstæður dómara væru þó á margan hátt sérstakar, m.a. vegna þess að dómara hafa bæði rétt og skyldu til að standa vörð um sjálfstæði sitt og jafnframt leggja sitt af mörkum til að sporna við því að kynbundin mismunun af hvaða tagi sem er þrífist innan dómkerfisins: „Ég hef reynslu af því að vinna með leiðtogum sem hafa verið kynblindir, ef maður getu notað það orð, þ.e. fólki sem gerir ekki greinarmun á samstarfsfólki sínu eftir kynferði. Í fyrsta skipti sem ég upplifði slíkt andrúmsloft á vinnustað fann ég hvað það er ótrúlega gefandi og auðveldar manni að ná árangri í starfi, svo ekki sé minnst á hvað það er miklu skemmtilegra. Í mínum huga snýst viðfangsefnið sem #metoo beinir sjónum að ekki síst um gæðamál.“



Ingibjörg segir að sér hafi verið nokkuð brugðið þegar hún hóf störf við héraðsdóm: „Eins og svo oft þegar rætt er um þessi mál þá er verið að fjalla um óáþreifanlega hluti, andrúmsloft eða viðhorf sem getur verið erfitt að festa hönd á. Óviðeigandi brandarar eða athugasemdir geta til dæmis verið partur af slíkri vinnustaðmenningu.“ Ingibjörg benti hins vegar á hve margt hefði breyst innan dómstólanna á liðnum árum og sagði þær breytingar hafa gerst nokkuð hratt: „Nú erum við til dæmis komin með nýtt dómstíg, Landsrätt, sem er skipað jafnt konum og körlum. Innan héraðsdóms eru um 40% dómara konur, innan dómstólasýslunnar er stjórnin skipuð að meirihluta konum og framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er kona. Þetta er til marks um það að umburðarlyndi og sjónarhorn beggja kynja hafa hlotið aukið og jafnara vægi innan kerfisins.“ Þá benti Ingibjörg líka á að þessi staða gerði líka þá kröfu til kvenna innan stéttarinnar að taka meira pláss, láta sjónarmið sín heyrast og vera tilbúnar til að fylgja þeim eftir.

Sjónarhorn karla og kvenna innan dómkerfisins

Ingibjörg sagði Dómarafélag Íslands hafa hlutverki að gegna í #metoo umræðunni: „Okkar framlag er að horfa á það hvernig við getum styrkt dómara sem umburðarlyndan og fjölbreyttan hóp sem ber virðingu fyrir mannréttindum sem #metoo byltingin beinir sjónum okkar að. Dómarafélagið samþykkti nýjar siðareglur sl. haust sem eru talsvert merkilegar fyrir ýmissa hluta sakir. Þar er m.a. undirstrikað mikilvægi þess að dómara standi vörð um þann hornstein réttarríkisins sem er jafnræði fyrir lögum. Sú yfirlýsing á sér samsvörun í siðareglum dómara ýmissa annarra ríkja en það er tvennt sem mig langar að benda á í tengslum við umræðuefni fundarins, sem kemur fram í sömu grein siðareglanna. Annars vegar er tekið fram að dómurum sé nauðsynlegt að hafa skilning á ólíkum þáttum samfélagsins og leggja sig eftir því að fylgjast með þróun þess og aðstæðum borgaranna á hverjum tíma. Það er ekki tilviljun að þetta stendur þarna, við sem sömdum siðareglurnar vorum sammála um að það skipti máli að dómara hafi skilning á aðstæðum borgaranna og í þessu felst krafan um það að við setjum okkur inn í aðstæður sem við ef til vill þekkjum ekki af eigin raun. Það á til dæmis við um það að karlar kynni sér afleiðingar kynbundins ofbeldis, af hvaða tagi sem er, á líðan kvenna. Síðasta málsgreinin fjallar um að dómara skuli sýna öðrum dómurum virðingu og tillitssemi og stuðla að því að innri starfsemi dómstólanna einkennist af virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum, trausti og heiðarleika. Þetta talar beint inn í samræður kvenna og karla í dómara-stétt. Það er mikilvægt að setja svona reglur fram með skriflegum hætti en meira máli skiptir þó það



samtal sem átti sér stað á meðan á gerð þeirra stóð og sú umræða sem getur átt sér stað í kjölfar þeirra. Það gerist ekki allt í einu en dropinn holar steininn.“

Þess má geta að í umræðum á eftir sagði *Ólöf Finnsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar* vinnu í gangi um þessar mundir að sameiginlegum leiðbeiningum og viðbragðsáætlun um einelti og kynferðislegt ofbeldi með fulltrúum allra dómstiga.

Eins og minkur í íslenskri náttúru

Ólafur Þór Hauksson formaður LÍ sagði þær upplýsingar sem hafa komið fram í #metoo byltingunni knýja á um úrbætur. Þær snúi að því hvernig við komum fram við hvort annað: „Við erum komin á þann stað að hafa lesið þessar sögur og hafa séð þær þjáningar sem þær hafa valdið og nú er kominn tími til að huga að því hvað við ætlum að gera næst. Stærri vinnustöðum er uppálagt að vera með jafnréttisáætlun og í henni þurfa að koma fram ýmsar leiðir, bæði formlegar og óformlegar fyrir kvartanir. Við þurfum hins vegar að finna þeim tilvikum farveg sem að koma upp á fámennari vinnustöðum en þau virðast vera erfiðari viðureignar. Valdastaðan er ójöfn og meira návígi milli gerenda og þolenda. Rætt hefur verið um að það koma upp siðanefndum og ég tel að það gæti verið farsælt ef hægt er að láta störf slíkrar nefndar ná yfir háttsemi af þessu tagi. Virðingarleysi og hroki í samskiptum milli manna er eins og minkur í íslenskri náttúru, aðskotadýr sem ber að útrýma.“



Endalok „búllísmans“?

Nokkrar umræður urðu meðal fundarmanna þar sem *Elín Blöndal lögfræðingur* sagði það ekki vera eftirsóknarvert að vera fórnarlamb og það væri sennilega ein af ástæðum þess að þetta málefni hefði ekki verið meira rætt. „Ég hef ekki lent í kynferðislegri áreitni en kynbundið ofbeldi þekki ég fullkomlega og við vitum öll um hvað er verið að tala þótt erfitt sé að setja beint fingur á það eða skilgreina það. Við erum að tala um valdaójafnvægi, konur inni á vinnumarkaði sem gerir ekki ráð fyrir þeim. Þetta snýst um valdabaráttu, hvaða rými við eigum að hafa, en ég tel að kynbundið ofbeldi og einelti séu samtengd hugtök.“



Þá sagðist *Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður* sannfærð um að þessi fundur markaði nýtt upphaf um siðferði, heilindi, heiðarleika og endalok „búllísmans“, í lögfræðisamfélaginu. „Við ólumst upp við þennan „búllíisma“, erum afurð gömlu lagadeildar HÍ. Það er bara þannig; grasserandi fordómar og valdalögfræði þar sem ákveðin félagsleg mótun átti sér stað.“

Hvað er til ráða?

Í umræðum velti Kolbrún fundarstjóri upp spurningunni hvað við ætluðum að gera við þær upplýsingar sem væru komnar upp á yfirborðið og hver yrðu næstu skref. Fram höfðu komið hugmyndir um siðareglur, aukna fræðslu innan lögfræðingasamfélagsins, í hdl. námi og laganámi og að opna leið fyrir kvartanir til sálfræðings. Í haust hyggjast félögin þrjú halda áfram með vinnuna og vonandi mun #metoo byltingin marka endalok „búllísmans“ eins og Áslaug Björgvinsdóttir orðaði það svo vel.

[Eyrún Ingadóttir tók saman](#)

YFIRLÝSING KVENNA INNAN RÉTTARVÖRSLUKERFISINS:

MÁLAST UPP MYND AF SAMFÉLAGI SMÁNUNAR, ÁREITI OG NIÐURLÆGINGAR

Í desember sl. sendu konur innan réttarvörslukerfisins frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem fram kom að kvenfyrirlitning, kynbundið og kynferðislegt áreiti væri vandamál í öllum lögum samfélagsins, einnig innan réttarvörslukerfisins. Konurnar kröfðust þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreiti yrði sett í forgang og að allir vinnuveitendur tækju ábyrgð á að uppræta vandamálið:

„Fyrir okkur öllum er að málast upp mynd af samfélagi þar sem konur, sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi, áreiti, niðurlægingu og smáun, eru ekki í fámennum jaðarhópi heldur úr öllum kimum þjóðfélagsins. Fyrir okkur birtist sá veruleiki að það heyri ekki til undantekninga að konur verði fyrir einhverskonar áreiti, ofbeldi eða smættun á lífsleiðinni. Þvert á móti virðist þetta vera upplifun flestra kvenna á einhverjum tímamarki, í námi, á vinnumarkaði

eða í einkalífi, sem jafnvel hefur ógnað bæði félagslegu og fjárhagslegu öryggi þeirra. Sögur kvennanna eru allt frá því að vera hæðnislegar athugasemdir um klæðaburð, útlit og vitsmuni til þess að vera ofbeldi í sinni verstu mynd.“

Einnig segir að gefa þurfti umræðunni tíma og svigrúm til að gerjast án þess að fara í vörn eða sókn. Engu verði breytt nema ef vandinn er viðurkenndur: „Tilgangur umræðunnar er að leyfa þessu öllu að koma upp á yfirborðið þannig að við horfum á það, sjáum hegðunina fyrir það sem hún er og finnum leiðir til að breyta þessari menningu.“ Með yfirlýsingunni fylgdu 45 sögur sem lýsa ýmis kynbundnu ofbeldi eða jafnvel grófri kynferðislegri áreitni. Hér koma nokkur dæmi um kynbundna mismunun og kynferðislega áreitni úr sögum kvennanna.

Kynbundið áreiti/ofbeldi

- Flestar konurnar þekktu vel þegar látið var sem þær væru ekki á staðnum, orð þeirra hunsuð, komið með óviðeigandi athugasemdir, t.d. um útlit og klæðaburð, eða þær kallaðar „vinan“ og „elskan“ á fundum af karlkollegum til að smækka þær.
- Einn þriggja verjenda í máli fyrir alþjóðlegum dómstóli, og eina konan í teyminu, fékk lægstu verjendalaunin. Skýring dómara var að hún væri kona.
- Yfirmaður var óviðeigandi við konur, segjandi þeim niðurlægjandi brandara og var með athugasemdir varðandi útlit þeirra. Lét að því liggja í kaffistofu að ungur lögfræðingur sem sótti um framhald á starfi sínu væri hans viðfang.
- Háttsettur lögfræðingur talaði kerfisbundið um konur sem „tæfur“.
- Lögmaður í málflutningi beindi glottandi athygli réttarins að útliti saksóknara sem var barnshafandi.
- Á lögfræðiráðstefnu voru hugmyndir lögfræðings, konu, „feðraðar“ öðrum þar til einn ráðstefnugesta, sem naut virðingar, spurði þá sem þetta gerðu af hverju.
- Laganemi í kúrsus fékk lægri laun en karlkyns samstarfsmaður þrátt fyrir meiri starfsreynslu og hærri einkunnir.

Kynferðislegt áreiti/ofbeldi

- Lögfræðingur heilsaði kvenkyns kollega með því að spyrja „Hvernig ertu í henni?“
- Eigendur lögmannsstofu kröfðu laganema í kúrsus svara við því hverjum „þær vildu helst ríða“ á stofunni.
- Yfirmaður hjá ríkisstofnun króaði ungan lögfræðing af úti í horni og greip um klofið á henni. Sagði síðan yfir hóp að hún væri kynköld eða lesbísk af því að hún vildi hann ekki.
- Kynferðislegt áreiti skipuleggjanda lögfræðiráðstefnu við einn fyrirlesarann svo að aðrir þurftu að grípa inn í.
- Samstarfsmaður áreitti ungan lögmann stöðugt, stakk m.a. tungunni í eyrað á henni og greip um brjóstin fyrir framan samstarfsfélagi. Allt undir þeim formerkjum að þetta væri „djók“. Hún fékk nóg þegar hann skelli henni á skrifborð og ætlaðist til þess að hún svæfi hjá sér. Hún kvartaði við yfirmann, sem var kona, og var nokkru seinna sagt upp störfum.
- Áreitni lögmanns við kollega gekk svo langt að samstarfsmenn hennar gættu þess að gefa honum ekki samband við hana ef hann kom eða hringdi á skrifstofuna.

Auk þessara dæma voru margar sögur frá þeim tíma að konurnar voru í laganámi og eins sögur úr lögreglunni þar sem kynferðisleg áreitni og kynbundin mismunun var daglegt brauð.

HRÖÐ ENDURNÝJUN LÖGMANNA- STÉTTAR

Inngangur

Á forsætisfundi norrænu og baltnesku lögmannafélaganna sem fram fór í Kaupmannahöfn í síðasta mánuði fór m.a. fram umræða um kynja- og aldurskiptingu félagsmanna í lögmannafélögum þeirra ríkja sem aðild eiga að þessu samstarfi, en það eru auk Norðurlandanna Eistland, Lettland og Litháen.

Tilgangur þessarar umfjöllunar var að skoða stöðu lögmannafélaganna á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum út frá aldurs- og kynjadreifingu, spá fyrir um þróun endurnýjunar og samsetningar lögmanna-stéttarinnar á næstu árum

og hvaða breytingar kunni að fylgja of örrí endurnýjun stéttarinnar og breyttri kynjasamsetningu.

Þróunin

Á fundinum var rætt um mikilvægi þess að heilbrigð endurnýjun eigi sér stað innan lögmanna-stéttarinnar bæði hvað varðar nýliðun og kynjahlutfall. Einnig yrði endurnýjun og fjölgun lögmanna að vera í takt við þarfir samfélagsins til að tryggja aðgengi almennings að réttarkerfinu sem og til að þjónusta atvinulífið. Af framlögðum tölfræðigögnum má draga þá ályktun að endurnýjun lögmanna-stéttarinnar í framangreindum löndum sé almennt í góðu jafnvægi með tiltölulega jafnri

nýliðun í félögunum. Þá fer hlutfall kvenkyns lögmanna ört vaxandi þrátt fyrir að sú þróun sé mislangt komin.

Sjá má af þeim gögnum sem lögð voru fyrir fundinn að Eistland sker sig nokkuð úr bæði hvað varðar hraða endurnýjun lögmanna-stéttarinnar og hátt hlutfall kvenkyns félagsmanna. Ungan aldur lögmanna-stéttarinnar þar og nær jafna kynjaskiptingu félagsmanna má að stærstum hluta rekja til þeirra gríðarmiklu samfélagsbreytinga sem urðu í kjölfar sjálfstæðis Eistlands í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar, sem m.a. komu fram í endurnýjun á öllum innviðum hins nýfrjálsa ríkis. Afleiðing þessa birtist m.a. í því að í




dag er 79% eistneskra lögmannna yngri en 50 ára, auk þess sem hlutfall kvenkyns lögmannna er hvergi hærra en í Eistlandi eða 46,8%. Þá er hlutfall kvenkyns lögmannna í Eistlandi undir 50 ára 83,9% samanborðið við 55,4% karlkyns lögmannna. Að óbreyttu má því gera ráð fyrir að kynjahlutfall lögmannna í Eistlandi komi til með að snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Aldursdreifing lögmannna á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum

Sé kynjahlutfall lögmannna á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum skoðað út frá aldursdreifingu kemur í ljós að hlutfall kvenkyns lögmannna undir 50 ára er að meðaltali 73,5%¹, samanborið við 55,4% hlutfall karlkyns lögmannna. Þá ályktun má draga af þessu tölum að kynjahlutfall í lögmannastétt mun á næstu árum breytast töluvert, konum í hag.

Neikvæð áhrif endurnýjunar

Á fundinum var einnig rætt um þær hættur sem fylgt geta of örri endurnýjun lögmannastéttarinnar á skömmun tíma og hvernig mögulega megi bregðast við neikvæðum áhrifum. Lýstu menn áhyggjum sínum af því að dregið gæti úr yfirfærslu praktískrar þekkingar og skilningi á grunnildum lögmannsstarfsins milli kynslóða, sem og virðingu í innbyrðis samskiptum lögmannna. Gera þyrfti ráðstafanir til þess að auka þekkingu yngri lögmannna á þessum þáttum m.a. með markvissari þjálfun undir handleiðslu eldri og reyndari lögmannna. Þá komu fram áhyggjur af þeirri þróun að endurnýjun í lögmannastétt ætti sér



¹Upplýsingar um % hlutfall aðgreint eftir kynjum liggja ekki fyrir frá Lettlandi.

að langstærstum hluta stað í þéttbýli, þar sem yngri lögmennt séktu frekar í að starfa eða stofna eigin rekstur í borgum og stærri þéttbýlisstöðum. Slíkt hefði í för með sér lækkun þjónustustigs við landsbyggðina og ýmis jaðarsvæði. Mögulega mætti þó bregðast við þessari þróun með því að slaka á kröfum til lögmannna um að hafa opna skrifstofu, enda gefi nútíma tækni lögmonnum færi á að „hitta“ og ræða við skjólstæðinga sína án „físískrar“ veru í sama rými. Sama á við um skoðun gagna og gerð skjala sem með nútíma tækni er auðvelt að senda manna í milli með skjótum og öruggum hætti.


Hlutfall kvenkyns lögmannna lægst á Íslandi

Sé kynjahlutfall lögmannna á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum skoðað má sjá að hlutfall kvenkyns lögmannna hefur vaxið hratt í þessum ríkjum á undanförunum árum og er nær því að vera jafnt þar sem best lætur eða 46,8%. Það vekur hins vegar athygli að hlutfall kvenkyns lögmannna er lægst á Íslandi eða 30,9%.

Sé hins vegar litið til hlutfalls kvenkyns lögmannna undir 50 ára kemur í ljós að hlutfall þeirra er 72,3% hér á landi og má því vænta þess að hlutfall kvenkyns lögmannna hækki umtalsvert hér á landi á næstu árum.²

Jafnara kynjahlutfall – krafa um breytingar

Þá var nokkuð rætt um að þrátt fyrir hækkingu hlutfalls kvenkyns lögmannna í lögmannafélögum og þar af leiðandi



jafnara kynjahlutfall, þýddi sú þróun ekki endilega jafna stöðu kynja í starfi eða möguleikum þeirra á framgangi. Þannig væri hlutfall kvenkyns lögmannna meðal eigenda lögmannsstofa enn mjög lágt og starfsumhverfið konum að mörgu leyti óvinveitt. Þá hefði fjarvera þeirra frá vinnu vegna barnburðarleyfa og sú staðreynd að konur taka gjarnan á sig meiri fjölskylduábyrgð en karlmenn áhrif á möguleika kvenna á að gerast meðeigendur lögmannsstofa. Afleiðing þessa væri m.a. hærra brottfall kvenkyns lögmannna úr lögmenntu, sem sjá frekar möguleika á framgangi í starfi sem innanhússlögmenn eða innan stjórnsýslunnar. Mögulega mætti ná fram breytingum á þessu með kröfu um jafnari ábyrgð kynjanna á fjölskyldumálefnum, tryggja að fjarvera kvenna vegna barnburðarleyfa komi ekki til frádráttar við mat á starfstíma þegar kemur að vali á nýjum eigendum og með því að hvetja kvenkyns lögmenn í auknu mæli til að stofna eigin

lögmannsstofur. Breytingar í þessa átt eru óumflýjanlegar ekki síst vegna kröfu nýrrar kynslóðar um betra jafnvægi milli vinnu og fjölskylduábyrgðar og um jafnari fjölskylduábyrgð kynjanna.

[Ingimar Ingason](#)

² Upplýsingar um % hlutfall kvenkyns lögmannna undir 50 ára liggja ekki fyrir frá Lettlandi.

MANNA- BREYTINGAR Á SKRIFSTOFU LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Í ágúst sl. hóf nýr starfsmaður, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, störf hjá félagsdeild Lögmannafélagsins, en Marín kemur í stað Eyrúnar Ingadóttur, sem látið hefur af störfum eftir tæplega 16 ára farsælt starf. Um leið og Lögmannafélagið býður Marín velkomna til starfa, þakkar félagið Eyrúnu fyrir frammúrskarandi störf í þágu félagsdeildar.

Marín er er með B.A. próf í íslensku, viðbótargráðu í fjölmiðlafræði, meistaragráðu frá Háskólanum í Leeds í bókmenntafræði og meistaragráðu frá H.Í í hagnýtri menningarmiðlun. Hún hefur starfað við blaðamennsku, verkefna- og viðburðastjórnun og vann í mörg ár sem deildarstjóri menningar- og ferðamála hjá

Hafnarfjarðarbæ. Einnig hefur hún unnið við útgáfu og kennslu. Marín hefur haldið fyrirlestra og námskeið um langömmu sína, skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi, um árabíl og séð um endurútgáfu verka hennar auk þess sem sýningin Kona á skjön, sem fjallar um Guðrúnu, hefur farið víða um land og notið mikilla vinsælda. Nýlega stofnaði Marín fyrirtækið Reykjavík Fish Walks sem eru menningargöngur fyrir erlenda ferðamenn. Marín er varamaður í stjórn Fræðagarðs sem er eitt aðildarféлага Bandalags háskólanna.

Lúðvík Emil Kaaber

Lögfræðingur og löggiltur skjalabýðandi í íslensku og ensku

Klukkulandi, 471 Þingeyri

Sími 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjólum, samningum og greinargerðum fyrir lögmenn, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmennstörfum.

Á RÍKIÐ AÐ BEITA ÖLLUM BRÖGÐUM GEGN BORGURUM SÍNUM? UM MÁLATILBÚNAÐ ÍSLENSKA RÍKISINS Í DÓMSMÁLUM

DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON LÖGMAÐUR

Það vakti athygli í sumar þegar dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur hálfpartinn skammaði Tryggingastofnun ríkisins fyrir málatilbúnað stofnunarinnar. Málið snerist um það að Tryggingastofnun hafði synjað umsókn frá föður langveiks barns um tiltekna aðstoð. Í niðurstöðu dómarans var sérstaklega vikið að málatilbúnaði Tryggingastofnunar og þar er m.a. að finna eftirfarandi umfjöllun:

„Við gæslu hagsmuna ríkisvaldsins eða einstakra þátta þess í skiptum við almenna borgara getur það ekki verið hlutverk stjórnvalda að leita allra leiða eða beita öllum brögðum til að fá sýknu fyrir hið opinbera eða til að fá málum vísað frá dómi. Þeim sem falið er að koma fram fyrir hönd ríkisvaldsins í dómsmáli er ekki tækt að verjast með öllum sömu ráðum og einkaaðilum. Þeim sem fara með opinbert vald eða sem falið er að gæta hagsmuna hins opinbera er trúað fyrir hlutverki sem þeir verða að sinna í almannapágu og af virðingu fyrir skyldu sinni til að stuðla að réttmætri niðurstöðu. Þar getur tilgangurinn ekki helgað meðalið. Sonur stefnanda er enn á barnsaldri. Augljóst er, sérstaklega með tilliti til sjúkdóms hans og fötlunar, að þau atvik gætu enn orðið í lífi hans sem myndu kalla á að foreldrar hans þyrftu að leggja niður störf til að annast hann. Hagsmunir stefnanda af því að fá úrlausn um það hvort

hann geti notið slíks réttar eða hvort gildissviðsákvæði hinnar umþrættu lagagreinar útiloki hann frá slíkum rétti eru því brýnir og augljósir og atvikum á annan veg háttáð en til dæmis í dómi Hæstaréttar frá 8. mars 2018 í málinu nr. 145/2017. Varðar þá öngvu hvort fjárkröfur þær sem stefnandi taldi sig eiga á hendur stefnda vegna hinna umþrættu ákvarðana stefnda frá 28. júní 2010 og 7. mars 2011 eru fyrndar eða ekki.“

Dómarinn í framangreindu máli er alveg örugglega ekki einn um þessar skoðanir og málið sem vísað var til alls engin undantekning hvað varðar málatilbúnað ríkisins. Svo virðist sem íslenska ríkið (virðist nánast sama hvaða stofnun, stjórnvald eða annar angi ríkisins á í hlut) leggi oft og tíðum ofuráherslu á að koma málum út úr dómstólunum. Ríkið reynir þá sitt ýtrasta til þess að finna og sannfæra dómara um formgalla á málinu til þess að koma í veg fyrir að efnisdómur geti gengið í því. Er þá nema von að spurt sé hvort það sé virkilega hlutverk ríkisins að beita öllum brögðum gegn borgurum.

Almennt er það ekki hlutverk íslenska ríkisins að vera andstæðingur borgara sinna. Þvert á móti er stjórnvöldum ætlað að starfa í þágu borgaranna og vinna samfélaginu gagn. Eðli stjórnvalda á 21. öldinni er að sýna borgurum

sveigjanleika og sanngirni í samskiptum. Að sjálfsögðu er ekki þar með sagt að stjórnvöldum beri að fallast á allar beiðnir og óskir borgaranna. En stjórnvöld skulu allavega reyna að leiðbeina borgurunum, finna út úr þeim atriðum sem máli skipta og leysa úr málum þeirra eftir bestu getu. Engin rök mæla með því að allt annað gildi um samskipti ríkis og borgara sem eiga sér stað í dómsskerfinu.

Hér má benda á að borgari sem leitar til stjórnvalda á beinlínis lagalegan rétt til þess að stjórnvaldið taki á móti borgaranum með lipurð og veiti honum nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar. Við töku íþyngjandi ákvarðana ber stjórnvaldinu svo að gæta þess að ganga ekki harðar fram en nauðsynlegt er og beita vægasta úrræði sem völ er á. Af hverju þarf þetta viðmót að umturnast þegar mál eru komin fyrir dómstóla? Þetta er sama íslenska ríkið og nálgadist mál borgarans af alúð og reyndi að fara eins vel með réttindi hans og hægt var á stjórnsýslustiginu. Ef borgarinn er ósáttur við niðurstöðu stjórnsýslumáls á hann rétt á að bera niðurstöðuna undir dómstóla í einkamáli. Þá sýnir ríkið skyndilega á sér allt aðra hlið. Jafnvel þótt borgarinn sé enn með sama erindið og áður, en nú fyrir dómstólum í stað stjórnvalda, mætir honum allt annað viðmót. Í stað lipra ríkisstarfsmannsins sem vill leiðbeina honum í átt að bestu mögulegu niðurstöðu mætir borgarinn nú brögðóttum lögmanni sem reynir af aefli að koma í veg fyrir að dómstóll endurskoði athafnir ríkisins efnislega.


Til samanburðar má líta til sakamála en þar mætir einn angi íslenska ríkisins borgurum sínum. Við meðferð slíkra mála skal ákærvaldið hafa það að leiðarljósi að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Kannski ættu svipuð sjónarmið að hafa meira vægi í einkamálum þannig að íslenska ríkið gerði allt til þess að reyna að fá fram sanna og rétta efnislega niðurstöðu dómsmálsins. Í stað þess að kvarta yfir því hversu málatilbúnaður borgaranna sé óskýr og óskiljanlegur mætti ríkið kannski reyna að leita skýringa og leggja sig fram um að átta sig á málinu. Markmiðið væri þá að skilja málið og reyna að upplýsa það til þess að fá megi endanlega úrlausn um ágreininginn.

Það er erfitt að sjá ástæður og rökin fyrir því af hverju íslenska ríkið leggur gjarnan svo þunga áherslu á að koma í veg fyrir að mál fái efnismeðferð. Stjórnvald sem er stolt af verkum sínum og hefur trú á að það starfi með réttum hætti ætti ekki að þurfa að hræðast það að dómstólar fari ofan í kjöllinn á málum þeirra. Metnaðarfull stjórnvöld sem vilja standa sig vel ættu í raun að fagna því að fá staðfestingu á

góðum verkum sínum frá dómstólum. Niðurstaða dómstóla sem felur í sér gæðastimpil á málsmeðferð og efnislegri úrlausn stjórnvalds styrkir það og úrlausnir þess. Dómstólar gætu reyndar einnig talið að eitt eða fleiri atriði í málsmeðferð og/eða efnislegum úrlausnum hefðu farið úrskeiðis. Slík niðurstaða er þó einnig góð fyrir viðkomandi stjórnvald enda eiga stjórnvöld ávallt starfa í samræmi við lög. Ef stjórnvöld fara út af sporinu ættu þau að taka því fegins hendi að fá aðstoð dómstóla inn á það aftur. Á endanum er tilgangur og markmið stjórnvalda einfaldlega að framkvæma lög með réttum hætti og þar sem dómstólar eiga endanlegt úrlausnarvald um lögina er gott fyrir stjórnvaldið að fá úrlausn þeirra um málsmeðferðina. Síðast en ekki síst er það gríðarlega mikilvægt fyrir borgarann í málinu að fá efnislega úrlausn um álitamál sín. Það er grundvallarréttur allra að geta fengið úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Það samrýmist illa tilgangi og eðli ríkisins að reyna að svipta borgara þeim rétti.

Juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
580 4400
www.juris.is



Andri Árnason, hrl.
Edda Andradóttir, hrl., LL.M.
Finnur Magnússon, hrl., LL.M.
Halldór Jónsson, hrl.
Lárus L. Blöndal, hrl.
Sigurbjörn Magnússon, hrl.
Simon David Knight, solicitor
Stefán A. Svansson, hrl., LL.M.
Vífill Harðarson, hrl., LL.M.

ÚRSKURÐUR ÚRSKURÐAR- NEFNDAR LÖGMANNA NR. 37/2017

SIGURÐUR ÁGÚSTSSON LÖGMAÐUR



Þann 28. febrúar 2018 var kveðinn upp úrskurður af úrskurðarnefnd lögmanna sem varðar rétt lögmanna til endurgjalds fyrir störf sín sem skipaðir talsmenn við meðferð mála eftir löggræðislogum nr. 71/1991.

Í málinu barst úrskurðarnefndinni kvörtun frá kæranda vegna útgefins reiknings kærða sem hafði verið skipaður talsmaður hans við meðferð nauðungarvistunarmáls fyrir dómstólum. Atvik málsins voru þau að kærandi hafði sætt nauðungarvistun á bráðageðdeild Landspítalans samkvæmt III. kafla laga nr. 71/1991. Hafði kærandi fengið þær upplýsingar við dvöl sína á spítalanum að hann ætti rétt á að bera ákvörðun um nauðungarvistun undir dómstóla. Ennfremur ætti hann rétt á aðstoð ráðgjafa í þeim efnum og væri þóknun hans greidd úr ríkissjóði. Sýslumaður féllst á framlengingu nauðungarvistunar kæranda og lagði kærandi í kjölfarið fram kröfu fyrir héraðsdómi um að ákvörðun sýslumanns yrði felld niður, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna. Í kröfu sinni óskaði kærandi að honum yrði skipaður talsmaður við meðferð málsins og tilgreindi hann þar kærða sérstaklega.

Mál kæranda var rekið fyrir héraðsdómi þar sem ákvörðun sýslumanns var staðfest og kærða, sem skipuðum talsmanni, ákvörðuð þóknun í úrskurðarorði. Kærandi skaut máli sínu til Hæstaréttar, sem að sama skapi staðfesti niðurstöðu

héraðsdóms um áframhaldandi nauðungarvistun og var kærða dæmd þóknun fyrir réttinum.

Þóknun kærða sem honum hafði verið úrskurðuð fyrir héraðsdómi og dæmd fyrir Hæstarétti var heldur lægri en reiknuð þóknun hans á grundvelli tímagjalds fyrir þá vinnu sem fór í rekstur nauðungarvistunarmáls kæranda. Kærði leitaði því til framkvæmdastjóra C og falaðist eftir ráðleggingum um hvort honum væri heimilt að innheimta mismuninn úr hendi kæranda. Gaf framkvæmdastjórinn þau svör að mögulega væri snúið að sækjast eftir mismuninum, enda tæpast samningssamband til staðar nema óskað hefði verið sérstaklega eftir að kærði tæki umrætt mál að sér. Svo fór að kærði gaf út reikning á hendur kæranda fyrir umræddum mismun ákvarðaðrar þóknunar fyrir dómstólum og reiknaðs tímagjalds fyrir vinnu í málinu.

Sem fyrr segir kvartaði kærandi til úrskurðarnefndarinnar vegna umrædds reiknings. Krafðist kærandi þess að úrskurðað yrði að kærði ætti ekki rétt til umræddrar þóknunar og að kærði sætti áminningu. Byggði kærandi á því að ekkert samningssamband væri milli hans og kærða og því ætti kærði ekki rétt til þóknunar umfram þann málskostnað sem dómstólar hefðu ákveðið honum í málinu. Kærði mótmælti kvörtun kæranda og taldi að samningssamband hefði komist á enda hefði kærandi sérstaklega óskað aðstoðar

hans. Þá hafi hann upplýst kæranda um að kostnaðinn, sem ekki fengist ákveðinn af dómstólum, yrði kærandi að bera.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar lögmanna var vísað til 1. mgr. 24. gr. lögmanna laga um að lögmanni væri rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og að umbjóðanda skyldi gert ljóst hvert endurgjaldið gæti orðið í heild sinni. Að mati nefndarinnar lá ekkert fyrir um það í gögn- um málsins að samkomulag hefði komist á milli málsaðila um að kærandi skyldi ábyrgjast greiðslu þóknunar kærða vegna starfa hans sem skipaðs talsmanns kæranda. Um rétt kærða til þóknunar vegna málsins hafi því alfarið farið eftir lögræðislögum en samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laganna skyldi í kröfu til héraðsdóms koma fram hvort óskað væri skipunar ákveðins talsmanns og ef svo væri hver það ætti að vera. Benti nefndin jafnframt á að framkvæmdastjóri C, sem ekki hafi þekkt til atvika málsins, hafi talið innheimtu snúna í málinu þar sem tæpast væri um samningssamband að ræða. Taldi nefndin því að hvorki hafi verið lögbundin né

samningsbundin stoð fyrir reikningi kærða um þann kostnað sem var umfram ákvarðaða þóknun dómstóla. Engu samningssambandi hafi verið til að dreifa milli málsaðila um rétt kærða til þóknunar umfram þann rétt sem kærandi átti samkvæmt lögræðislögum. Féllst úrskurðarnefndin því á kröfu kæranda um að kærði ætti ekki rétt til þóknunar samkvæmt hinum umdeilda reikningi. Með hliðsjón af atvikum málsins, sér í lagi stöðu kæranda og aðstöðumunar aðila, var einnig fallist á kröfu kæranda um að kærði sætti áminningu fyrir háttsemi sína.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

SEGJAST HAFA LYFT GRETTISTAKI



Einar Björgvin og Sævar halda erindi á nýlegu sumarhófi Fons Juris.

Segja má að Fons Juris sé nýsköpunarfyrirtæki á sviði lögfræði, en fyrirtækið hóf starfsemi sína árið 2011 og setti fyrstu útgáfu dómasafns síns í loftið það sama ár. Á heimasíðunni fj.is er hægt að nálgast alla dóma Hæstaréttar Íslands, öll helstu lögfræðitímarit landsins og þær fræðibækur sem fyrirtækið hefur gefið út. Fons Juris er því bæði upplýsingaveita og bókaútgáfa á sviði lögfræði, sem margir lögmenn þekkja í sínum störfum. Lögmannaþingið tók eigendur fyrirtækisins, Sævar Guðmundsson og Einar Björgvin Sigurbergsson, tali og spurði þá út í starfsemi fyrirtækisins og næstu skref.

VIÐTAL VIÐ EINAR BJÖRGVIN SIGURBERGSSON OG SÆVAR GUÐMUNDSSON EIGENDUR FONS JURIS:

Hver er staðan á starfsemi ykkar nú?

Við settum uppfærða útgáfu gagnasafnsins í loftið undir lok árs 2014 og síðan þá höfum við unnið jafnt og þétt að uppfærslu kerfisins, að bæta við gögnum og auka hraða leitarvélanna. Við höfum einnig stigið það skref að hefja útgáfu á bókum á sviði lögfræði og höfum okkur til aðstoðar í þeim efnum Arnald Hjartarson sem fræðilegan ritstjóra félagsins. Fons Juris hefur gefið út nokkrar bækur til þessa, m.a. Evrópskan bankarétt eftir áðurnefndan Arnald og Fjölmíðlarétt eftir Eirík Jónsson og Halldóru Þorsteinsdóttur.

Hvað er næst á dagskrá hjá ykkur?

Við erum með ýmislegt í vinnslu á sviði bókaútgáfu, eins og t.d. rit um viðurkenningarmál eftir Hafstein Dan Kristjánsson, sjö binda ritröð um stjórnsýslurétt, sem Páll Hreinsson og Trausti Fannar Valsson ritstýra, og handbók á sviði fjármagnsmarkaðsréttar eftir Andra Fannar Bergþórsson. Nokkrar aðrar bækur eru síðan í farvatninu en eru komnar skemmra á veg. Við erum mjög opnir fyrir hvers kyns fræðaskrifum og bjóðum öllum áhugasömum höfundum að hafa samband við okkur.

Á þessu ári munum við síðan kynna nýja heildaruppfærslu á gagnasafninu. Er bæði um að ræða útlitsbreytingu sem og aukinn hraða við leit. Þá verður notendum gert kleift að senda á milli sín dóma, merkja þá með heitum og setja þá í möppur sem mun gagnast þegar lögmenn eru að vinna saman að verkefnum.

Samhliða þessari nýju virkni þá munum við setja í loftið ensk-íslenska lögfræðiorðabók, sem unnin er af Terry G. Lacy og Rafni Kjartanssyni, og er það í fyrsta sinn sem slík orðabók kemur út. Í henni er að finna rúmlega 16000 uppflettiorð og er það von okkar að þessi nýjung nýstist lögmönnum og lögfræðingum vel í starfi sínu.

Í þessari útfærslu þá munum við setja þau fræðirit sem félagið hefur gefið út inn í gagnasafnið okkar. Verður þá í fyrsta skipti hægt að leita í dómum, bókum og tímaritum á sama stað, en hægt er að nálgast Úlfjót, Tímarit lögfræðinga og tímarit Lögréttu hjá okkur. Sem fyrr verða þessar heimildir tengdar saman þannig að hægt verður að fara úr dómatilvísun í bók yfir í dóminn sjálfan. Þá munu niðurstöður úr bókum birtast í gagnasafni Fons

Juris þannig að notendur átti sig á hvar hægt sé að afla sér meiri upplýsinga um tiltekna lagagrein.

Í þessari uppfærslu gerum við einnig aðgengilega atriðis-orða- og lagatilvísanaskrá yfir öll þau atriðisorð og lagatilvísanir sem er að finna í íslenskum lögfræðiritum. Sé ritið ekki að finna í Fons Juris geta notendur okkar þó auðveldlega fundið í hvaða ritum fjallað er um atriðisorðið. Vonir okkar standa til þess að í fyllingu tímans muni öll fræðirit verða aðgengileg í heimildasafni okkar. Við munum að sjálfsgöðu byrja á því að setja okkar bækur inn í kerfið og vonandi ná samkomulagi við aðra höfunda og eigendur höfundarréttarvarins efnis, og við lítum svo á að þetta sé öllum þeim sem vinna við lögfræði til hagsbóta.

Á næstu árum sjáum við fyrir okkur aukna sókn í átt til gervigreindar og sjálfvirkni á sviði lögfræði, bæði með því að bjóða lögmönnum upp á að finna sjálfkrafa heimildir og dóma sem þeim gagnast sem og við gerð og útfyllingu ýmissa forma. Þá höfum við leitt hugann að verkefnum erlendis á þessu sérsviði okkar þ.e. leit og samtengingu gagna og heimilda. Í því skyni höfum við stofnað dótturfyrirtæki í Evrópu til að afla okkur brautargengis á því sviði.

Hvernig sjáid þið fyrir ykkur uppbyggingu rafræns réttarkerfis hér á landi og hafið þið áhuga á að taka þátt í henni?

Já við höfum fylgst spenntir með þróuninni erlendis og heimsótt erlend fyrirtæki á sama sviði upp á síðkastið og viljum gjarnan taka þátt í að koma vinnuumhverfi lögfræðinga á sama stað og best gerist. Það er með ólíkindum að enn tíðkist að öllum gögnum sé skilað í mörgum eintökum til dómstóla og stimplað og að ekki sé hægt að skila inn gögnum rafrænt þegar flestir vinna með rafræn gögn. Við munum að sjálfsgöðu taka þátt í þeirri byltingu.

Við teljum okkur þegar hafa lyft grettistaki í að gera aðgengi lögfræðinga að rannsóknartækjum á við það sem best gerist erlendis og erum stoltir af okkar vinnu á því sviði. Þá mun kerfið taka stakkaskiptum við heildaruppfærsluna eins og við nefndum áðan.

Víðir Smári Petersen, lögmaður



Þegar Landsréttur var stofnaður olli það mörgum vonbrigðum að ekki voru teknar upp rafrænar lausnir í tengslum við fyrirtökur og framlagningu málgagna. Justikal er nýtt fyrirtæki í eigu Margrétar Önnu Einarsdóttur lögmanns sem ætlar sér að vera leiðandi á sviði rafræns réttarkerfis en það fékk á dögunum 50 milljóna styrk frá Tækniþróunarsjóði til að klára að þróa síðustu verkþættina að tilbúinni lausn. Lögmannablaðið ræddi við Margréti Önnu um möguleikana sem rafrænt réttarkerfi býður upp á.

VIÐTAL VIÐ MARGRÉTI ÖNNU
EINARSDÓTTUR LÖGMANN OG
STOFNANDA JUSTIKAL:

RAFRÆNT RÉTTARKERFI HANDAN VIÐ HORNIÐ

Með þessu kerfi geta lögmenn og málsaðilar lagt fram dómsskjöl með rafrænum hætti með fullgildum tímastimplum. Dómarar og starfsmenn dómstóla geta meðhöndlað gögnin rafrænt og öll skjöl fá rafræn innsigli. Þá geta aðilar dómsmáls fengið aðgang til að fylgjast með framvindu og þróun sinna mála.

Hvaðan kemur þessi tækni?

Justikal er í samstarfi við félag sem heitir Dokobit og sérhæfir sig í rafrænum undirskriftum og öðrum traustþjónustum víðsvegar í Evrópu. Það félag var stofnað fyrir tíu árum og er með skrifstofur í Reykjavík, Vilnius og Tallinn. Dokobit er þróað til að mæta öllum kröfum eIDAS reglugerðarinnar nr. 910/2014 og sér m.a. um staðfestingarþjónustu fyrir rafræna réttarkerfið í Eistlandi en með því að gera réttar-

kerfið rafrænt þar í landi hafa afköst dómstólanna aukist um 32% skv. samanburðarskýrslu frá Evrópusambandinu. Eistar í dag nota svo til eingöngu rafrænar undirskriftir á samningum og eru þremur til fjórum árum á undan okkur í þessari þróun. Fyrir þeim er jafn algengt og sjálfsagt að undirrita rafrænt í stað pappírs eins og að nota tölvupóst í stað faxtækis.

Eru rafrænu undirskriftirnar lykillinn að rafrænu réttarkerfi?

Það má segja það. Inni í þessum undirskriftum og innsiglium eru fastir tímastimplar sem við kaupum frá eIDAS vottuðum þriðja aðila í hvert skipti sem einhver notar undirskrift eða innsigli. Þá er með óvæfengjanlegum hætti hægt að staðfesta að á þessum tíma var undirskriftin eða innsigliunin framkvæmd. Þegar stórir samningar eru undir-

ritaðir í Eyrstrasaltslöndunum eru menn byrjaðir að hafna því að skrifa undir pappíra, þetta er einfaldlega öruggara kerfi og erfiðara að falska heldur en með pappír. Dómstólum í Evrópu ber skylda til að viðurkenna undirskriftir sem eru undirritaðar með þessari tækni og það sama verður hér á Íslandi þegar eIDAS reglugerðin verður innleidd í lög innan skamms. Í 46. gr. eIDAS reglugerðarinn segir: „*Ekki skal hafna því að rafrænt skjal fái réttaráhrif og sé viðurkennt sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að það er á rafrænu formi.*” Sífellt fleiri fyrirtæki eru að taka upp rafrænar undirskriftir, svo sem bankar og tryggingafyrirtæki, og dómstólar hér verða að hafa tækni til að taka við þeim og geta sannreynt og varðveitt skjöl sem innihalda rafrænar undirskriftir.

Ávinningur gríðarlegur fyrir samfélagið

Ef við snúum okkur að hönnun Justikal á rafrænu réttarkerfi, hvað getur þú sagt okkur um það?

Megináhersla okkar er örugg meðhöndlun rafrænna skjala og að veita öllum aðilum máls aðgang að því; lögmönnum, dómurum og starfsfólki lögmanna og dómstóla. Kerfið getur svo boðið upp á lesaðgang fyrir skjólstaðinga sem geta þá sjálfir fylgst með hvar málið er statt í kerfinu í stað þess að þurfa að hringa í lögmann.

Við fórum í rannsóknarvinnu í eitt ár og komumst m.a. að raun um að þau réttarkerfi sem eru orðin rafræn í Evrópu voru ekki að uppfylla þau skilyrði sem við töldum nauðsynleg að svona kerfi ætti að gera. Flestar lausnir sem eru til í dag snúa meira að málaskráningu og rekstri dómsmála og leggja minni eða enga áherslu á örugga meðhöndlun dómsskjala. Þar liggur helsta aðgreining og styrkur Justikal. Þau voru t.d. ekki með þessi rafrænu innsigli eða staðfestingarþjónustur til að gefa staðlaðar niðurstöður um gildi rafrænna undirskrifta. Við sáum tækifæri til að gera rafrænt réttarkerfi sem uppfyllti allar ýtrustu öryggiskröfur og ætlum að verða með fyrsta rafræna réttarkerfið sem nýtir traustþjónustur til þess og er fullkomlega eIDAS samhæft.

Þegar lögmaður opnar sitt svæði fær hann yfirlit yfir þau mál sem tengjast honum og hvort þeim sé lokið eða eru enn í vinnslu. Við þingfestingu stofnar lögmaður nýtt mál í kerfinu og tilgreinir gagnaðila. Þar sem ekki er vitað hvaða dómari fær málið merkir hann inn fyrir hvaða dómstól það er rekið en dómstjóri úthlutar málinu til dómara. Þegar það er þingfest flettir dómari upp á málinu, móttekur og innsigliar skjölin. Áfrýjun mála til æðra dómstigs verður mun einfaldari þar sem öll gögn liggja þegar fyrir í kerfinu og mun minna mál að útbúa ágrip svo dæmi sé tekið. Þá

styður kerfið einnig að hægt sé að innsigla gögn sem eru á öðru formi en skriflegu, t.d. myndbönd eða hljóðskrár, með rafrænu innsigli dómstólsins til að tryggja að ekki sé hægt að eiga við innihald gagnanna.

Hætta fyrirtökur?

Í framtíðinni gætum við haft það þannig. Til að byrja með þá þurfum við að taka hænuskref á meðan fólk er að aðlagast þessari tækni. En það er mjög vel framkvæmanlegt þar sem aðilar máls tala saman rafrænt og setja málsgögn inn í gáttina. Allar snertingar á skjölum eða málum eru skráðar í atburðarskrá sem tryggir öryggi.

Er kerfið flókið, t.d. fyrir þá sem eru lítið tæknivæddir?

Nei, ég myndi ekki segja það. Það er leiðarljós hjá okkur að hægt sé að opna kerfið og byrja að nota það án þess að þurfa nokkra kennslu. Kerfið er byggt til að vera notendavænt og nú þegar erum við byrjuð að skrifa notendahandbók á íslensku.

Hafið þið skoðað ávinninginn af því fyrir samfélagið að taka upp rafrænt réttarkerfi?

Já, fyrir það fyrsta teljum við að afkastageta dómstólanna geti orðið 20-25% meiri sem er varlega áætlað miðað við löndin í kringum okkur. Við höfum áætlað að fjárhagslegur ávinningur sé um 2,8 milljarðar króna á ársgrundvelli og þar vegur þyngst tímasparnaður lögmanna. Við gerðum þá hóflegu áætlun að við þessa breytingu spörudust tveir klukkutímar fyrir lögmenn aðila í hverju máli m.v. meðaltals málafjölda sl. 10 ára. Fyrir utan fjárhagslegan ávinning myndum við gera dómskerfið aðgengilegra, betra og hraðara fyrir almenning. Rafræn meðhöndlun er einnig öruggari þar sem hægt er að tryggja heilleika gagna þannig að ekki sé hægt að breyta innihaldi þeirra og erfiðara að falska undirskriftir á rafrænu formi.

Hvað þurfa stjórnvöld að borga fyrir svona kerfi?

Leyfisgjöld eru háð fjölda dómsmála sem rekin eru í kerfinu og t.a.m. kemur til kostnaður vegna innsigla og tímastimpla sem þarf fyrir sérhvert skjal. Lögmenn myndu ekki borga fyrir aðgang að kerfinu nema þeir kjósi viðbótarkerfi. Við erum að þróa þjónustuleið þar sem er meira innifalið fyrir lögmenn sem myndi létta þeim störf. Þá

Hvenær sjáið þið fyrir ykkur að kerfið verði tilbúið?

Kerfið verður tilbúið til notkunar innan árs. Styrkurinn frá Tækniþróunarsjóði gerði okkur kleift að setja forritun á fullt bæði hérna heima og í Vilnius. Hluti af þessu verkefni er líka að leiða inn þekkinguna til Íslands þannig að íslenskt

DÓMSMÁL STOFNA NÝTT MÁL

Leita Raða eftir: Dagsetningu mála Framsetning:

Mál nr. E-1010/2014 Grimur Geitskor (Jóna Jónsdóttir hrl.) gegn íslenska ríkinu (Jón Jónsson hrl.) Í vinnslu

Reifun máls: Í málinu krefst stefnandi bóta úr hendi stefnda vegna ætlaðrar ólögmætrar uppsagnar hans í starfi hjá Samgöngustofu.

Dómari
Daniel Danielsson (héraðsdómari) [stjórnandi]

Stefnandi
Jóna Jónsdóttir (lögmaður) [skrif- og lesaðgangur]
Grimur Geitskor (stefnandi) [lesaðgangur]

Stefndi
Jón Jónsson (lögmaður) [skrif- og lesaðgangur]
Íslenska ríkið (stefndi) [lesaðgangur]

Aðrir aðilar
Hanna Dóra Sigmundsdóttir (aðstoðamaður dómara) [stjórnandi]
Helgi Hannesson (aðstoðamaður lögmanns) [lesaðgangur]

Mál nr. E-2737/2017 Páll Jónsson (Sigmundur Pálsson hrl.) gegn Brask og brall ehf. (Jón Lárusson hdl.) Mál lokið

Reifun máls: Þj krafið BB um greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna mistaka BB við umjösku í tengslum við kaup Þj á landsspíðu í eigu D ehf.

Mál nr. S-780/2016 Ákærvaldið (Bjarni Helgason hdl.) gegn Lárusi Atlasyni (Hinrik Jónsson hdl.) Í vinnslu

Reifun máls: L ákærður fyrir brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa flutt inn samtals 878,95 grömm af kókaini.

Mynd 1. Þegar lögmaður opnar sitt svæði fær hann yfirlit yfir þau mál sem að tengjast honum og hvort þeim sé lokið eða eru enn í vinnslu. Við þingfestingu stofnar lögmaður nýtt mál inni í kerfinu. Hann setur inn öll gögn og óskar eftir því að lögmaður gagnadila fái aðgang. Þar sem ekki er vitað hvaða dómari fær málið merkir hann inn fyrir hvaða dómstól það er rekið en dómstjóri úthlutar málinu til dómara. Þegar það er þingfest flettir dómari upp á málinu, móttekur og innsiglar skjölin.

DÓMSMÁL
Yfirlit Dómsmála > E-1010/2014

Aðgengi máls Atburðaskrá

Mál nr. E-1010/2014 Grimur Geitskor (Jóna Jónsdóttir hrl.) gegn íslenska ríkinu (Jón Jónsson hrl.)

Reifun máls: Í málinu krefst stefnandi bóta úr hendi stefnda vegna ætlaðrar ólögmætrar uppsagnar hans í starfi hjá Samgöngustofu. Stefnandi telur að ástæða uppsagnarinnar hafi verið önnur en að fækka hafi þurft starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunarinnar. Uppsögnin væri því háð undanfaranandi áminningu, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stefnndi telur að uppsögnin hefði verið reist á faglegu og málefnalegu mati og að meðalhófs hefði verið gætt.


Mál stofnað: 2014-10-11 11:31:52

Mál höfðað Þingfest Gagnaöflun lokið Aðalmeðferð Dómur Átrýjun

Framlögð dómsskjöl (127) Legga fram nýtt dómsskjöl

Þingbók (14)

Mynd 2. Þegar lögmaður, dómari eða aðili máls opnar það í kerfinu sést á tímalínu hvar það er stadd í kerfinu. Hægt er að sjá hverjir eru aðilar að málinu og hverjir hafi aðgang að því, útarlega reifun, atburðaskrá og framlögð dómsskjöl auk þingbókarinnar.



Mynd 3. Allar „snertingar“ við skjalið eru vistaðar; hvenær aðilar skoðuðu skjalið, settu inn ný gögn, skrifuðu skilaboð, mótmæltu framlagningu gagna og svo framvegis. Hægt er að sækja skjalið og geyma í eigin skjalavistunarkerfi. Skjölín eru innsiglið með fullgildu rafrænu innsigli sem inniheldur fullgildan tímastimpil frá viðkomandi dómstól.

hugbúnaðarfolk vinnur í lotum þétt með erlendum sérfræðingum í þessu verkefni. Það er svo mikil nýsköpun og tækifæri í þessum geira að það skiptir gífurlega miklu máli að þjálfar og mennta íslenska forritara og tölvunarfræðinga til þess að geta nýtt þessa tækni. Eystrasaltlöndin eru að leiða þessa þróun í dag og eru komin um 3-4 árum á undan okkur í notkun og þekkingu almennings á rafrænum traustþjónustum.

Stefnum á að bjóða kerfið í öðrum löndum

Þið eruð að búa ykkur undir að sinna rafrænu réttarkerfi á Íslandi sem þarf væntanlega að fara í útboð. Hvað gerist ef þið fáið það ekki?

Til þess að taka upp og bjóða þjónustu eins og Justikal þyrfti alltaf að fara í útboð. Ef það myndi ekki takast þá erum við einnig að stefna á að bjóða kerfið í öðrum löndum.

Að lokum, hvað kom til að lögmáður úti í bæ stofnaði fyrirtæki sem þetta?

Mér hefur alltaf fundist gaman að fara nýjar leiðir og er heilluð af nýsköpun. Ólafur Páll Einarsson, sem er framkvæmdastjóri Dokobit á Íslandi, er einn helsti sérfræðingur Íslands í rafrænni traustþjónustu og er meðeigandi minn. Með styrknum frá Tækniþróunarsjóði verðum við tilbúin þegar rafrænt réttarkerfi verður boðið út. Ef vel gengur þá breytir þetta málshraðanum í réttarkerfinu varanlega og bætir þjónustu og öryggi dómstóla. Fyrir þjóðfélagið er þetta ekki einungis gríðarlegur sparnaður á skattþeningum heldur einnig miklu betri opinber þjónusta fyrir almenning.

Eyrún Ingadóttir

LANDSLÖG





Glaðbeittir sigurvegarar og meistarinn hampar farandbikarnum. Ármann Fr. Ármannsson, Bragi Dór Hafþórsson og Gísli G. Hall.

GOLFMÓT Í UPPSTYTTO OG SÓL

Meistaramót LMFÍ í golfi var haldið föstudaginn 14. september á Grafarholtsvelli. Þetta var dýrðardagur í Grafarholtinu, með sól og logni. 19 keppendur mættu til leiks og var að venju keppt með og án forgjafar, talið í punktum. Meistaratign hlýtur sigurvegarinn með forgjöf og fær hann nafn sitt áletrað á farandbikar, sem hann varðveitir fram að næsta móti. Meistari LMFÍ þetta árið er Bragi Dór Hafþórsson. Yfirburðir hans voru nokkrir, eins og sést hér að neðan, og er honum óskað til hamingju.

Árangur var allavega, en úrslit urðu sem hér segir:

Í keppni án forgjafar:

1. Ármann Fr. Ármannsson, 30 punktar
2. Gísli G. Hall, 26 punktar
3. Valur Árnason, 20 punktar

Í keppni með forgjöf:

1. Bragi Dór Hafþórsson, 42 punktar
2. Valur Árnason, 34 punktar
3. Ármann Fr. Ármannsson, 33 punktar

LOGOS

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

Ertu búin(n) að skrá þig?

Fjölbreytt námskeið LMFÍ á haustönn

Sjá nánar á lmfi.is

Rafrænar undirskriftir og aðrar traustþjónustur – 18. september

Skaðabótareglur í kaupalögum - hraðnámskeið 25. september

Notkun Excel töflureiknis - 2. október

Lögmenn og persónuverndarlögin – 17. október

Fagleg ábyrgð hönnuða og byggingastjóra - 23. október

Réttarheimildir EES-réttar á netinu - 25. október

Money Laundering – 30. október

Sönnunarfærsla fyrir Landsrétti, með áherslu á meginreglur einkamálaréttarfars
– 1. nóvember

Nokkur hugtök lögfræðinnar - 20. nóvember

Starf persónuverndarfulltrúa – 29. nóvember

30% afsláttur fyrir þá sem eru skáðir í félagsdeild.



FORVINNSLA PRENTUN FRÁGANGUR

Litla & Sprent

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Jón Bjarni Kristjánsson

Kr. St. Lögmansstofa, Hafnarholi, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 551-6412

Guðmundur St. Ragnarsson

Sókn og vörn: Málflutningsstofa, Skeifunni 17, 108 Reykjavík, Sími: 777-1200

Lúðvík Bergvinsson

Bonafide lögmenn, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, Sími: 533-5577

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Hallgrímur Jónsson

PACTA lögmenn, Garðarsbraut 26, 640 Húsavík, Sími: 440-7969

Flóki Ásgeirsson

Málflutningsstofa Reykjavíkur, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Sími: 571-5400

Arndís Kristjánsdóttir

Jónatansson & Co., Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík Sími: 533-3434

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Vigdís Ósk Sveinsdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Sími: 515-4900

Arndís Sveinbjörnsdóttir

PACTA/ Lögheimtan, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, Sími: 440-7000

María Hrönn Guðmundsdóttir

LEX lögmansstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2600

Dagný Ósk Aradóttir Pind

Rafiðnarsamband Íslands, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík, Sími: 580-5287

Sigurvín Ólafsson

Bonafide lögmenn, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, Sími: 533-5577

María Klara Jónsdóttir

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 412-2800

NÝR VINNUSTÆÐUR

Guðbjörg Þorsteinsdóttir

Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur, Sími: 580-3082

Ólafur Rúnar Ólafsson

Lögmansstofa Norðurlands ehf., Kaupangi v. Mýrarveg, 600 Akureyri, Sími: 842-6066

Benedetto Valur Nardini

Hrólfsskálamel 12, 170 Seltjarnarnes, Sími: 659-3333

Elisabet Guðbjörnsdóttir

Consilia lögmansþjónusta ehf., Grímshaga 2, 107 Reykjavík, Sími: 777-1494

Valtýr Sigurðsson

LEX lögmansstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2600

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Akureyrarbær, Glerárgötu, 600 Akureyri, Sími: 422-2800

Jóhanna Katrín Magnúsdóttir

Valitor hf., Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími: 525-2000

Erla Þuríður Pétursdóttir

Arion banki, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-6368

Jón Ingi Þorvaldsson, lögmaður

Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6, 200 Kópavogur, Sími: 585-5500

Erna Heiðrún Jónsdóttir

Kvika banki hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 540-3253

NÝTT AÐSETUR

Sveinn Guðmundsson

Ingi Freyr Ágústsson

Leó Daðason

Juralis lögmansstofa, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík, Sími: 533-5858

Guðfinna Jón. Guðmundsdóttir

Fasteignamál lögmansstofa, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, Sími: 552-2420

Tómas Hrafn Sveinsson

THS lögmansþjónusta, Grandagarði 14, 101 Reykjavík, Sími: 847-1255

Ómar R. Valdimarsson

Magnús Davíð Norðdahl

Norðdahl & Valdimarsson

Kringlunni 4-6, 8. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 861-3100/868-2989

Ásgeir Jónsson

Bjarni Þór Óskarsson

Fríða Thoroddsen

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Gylfi Birgisson

Hannes Júlíus Hafstein

Leifur Árnason

Páll Arnór Pálsson

Ragnar Baldursson

Þorsteinn Júlíus Árnason

Arndís Sveinbjörnsdóttir hdl.

PACTA Lögmenn/ Lögheimtan, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, Sími: 440-7900

Þuríður B. Sigurjónsdóttir

Lögmenn Hafnarfirði, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 565-5155

Árni Freyr Árnason

Elín Árnadóttir

Kjarni lögmansstofa slf., Katrínartúni 2, 16. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 534-9800

Birgir Birgisson

Lögmansstofa Birgis, Sundagörðum 2, 3. hæð, 104 Reykjavík, Sími: 516-4000

SKRÁNING Á GRUNDELLI REGLUGERÐAR NR. 241/2018

Hafliði Kristján Lárusson, Solicitor

Fjeldsted & Blöndal, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, Sími: 414-3050



Cayenne E-Hybrid - staðalbúnaður: Fjór hjóladrif, stillanleg fjöðrun, 8-gíra Tiptronic S sjálfskipting með skiptingu í stýri, leðurinnrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, LED aðalljós, LED afturljós, 19" álfelgur með loftþrýstingskynjurum, Sport Chrono pakki, fjarlægðarvari að framan og aftan, rafdrifin framsæti með 8 stillingum, hágæða 150w hljóðkerfi með 10 hátölurum, stafrænt mælaborð, 12" háskerpu stjórnborð með snertiskjá, skriðstillir (Cruise Control), sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera, tvískipt sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, Porsche stöðuleikakerfi (PSM), leðurklætt Sport aðgerðastýri, lykklalaus ræsing, Porsche ferðahleðslustöð, PCM (Porsche Communication Management), Connect Plus, samlit vindskeið á afturhlera, svartir listar á hliðargluggum, aðfellanlegir hliðarspeglar, sjálfvirk birtustilling í baksýnispeglum, litaðar hitaainangraðar rúður. Sjá meiri staðalbúnað á benni.is.

Takmarkalaus snilld.

Þriðja kynslóðin af lúxusjeppanum Porsche Cayenne E-Hybrid **Plug-in** er kraftmikill og umhverfisvænn, búinn fullkomnustu stjórnækjum og hefur meira innanrymi en forveri hans.

Rafmagns Porsche.

Hestöfl: 462
Hámarkstog: 700Nm
Hröðun: 5.0 sek. 0-100 km.klst.



PORSCHE

Bílabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

Opnunartími:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00